



Aganefnd HSÍ | Úrskurður 4.2. '20
Úrskurður aganefndar 4. febrúar 2020

Eftirtalin mál lágu fyrir og voru tekin til úrskurðar:

1. Alexander Örn Júlíusson leikmaður Vals hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik ÍBV og Vals í mfl. ka. þann 28.1. 2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
2. Aron Ingi Heiðmarsson leikmaður Fjölnis U hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik FH U og Fjölnis U í mfl. ka. þann 29.1. 2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 b). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
3. Ásgeir Jónsson þjálfari Aftureldingar U hlaut útilokun með skýrsla vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Aftureldingar U og Harðar í mfl. ka. þann 1.2.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Í agaskýrslu frá dómurum kemur fram að við endurmat á atvikinu hafi þessi ákvörðun verið röng og rauða spjaldið því dregið til baka. Niðurstaða aganefndar er því að ekki skuli aðhafst frekar í málinu og spjaldið mun því ekki gilda ef kemur til ítrekunaráhrifa vegna rauðra spjalda.
4. Einar Sverrisson leikmaður Selfoss hlaut útilokun með skýrsla vegna grófs leikbrots í leik Selfoss og ÍBV í mfl. ka. þann 1.2. 2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:5 a). Með tilvísun í 10. grein reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að ekki skuli aðhafst frekar vegna málsins en vakin er þó athygli á stighækkandi áhrifum útlökana vegna slíkra brota, skv. 2. mgr. 11. sömu reglugerðar.
5. Hjálmtýr Alfreðsson leikmaður Stjörnunnar U hlaut útilokun með skýrsla vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Stjörnunnar U og KA U í mfl. ka. þann 1.2.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 c). Með tilvísun í 10. gr. reglugerðar HSÍ um agamál er það niðurstaða aganefndar að leikmaðurinn er úrskurðaður í eins leiks bann. Aganefnd veur jafnframt athygli á stighækkandi áhrifum leikbanna, skv. 1. mgr. 11. gr. sömu reglugerðar.
6. Sigurður Bragason starfsmaður ÍBV U hlaut útilokun með skýrsla vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar í leik Fram U og ÍBV U í mfl. kv. þann 2.2.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 8:10 a). Með tilvísun í 1. mgr. 3. gr. sömu reglugerðar er málinu frestað um sólarhring. Aganefnd felur skrifstofu HSÍ að kynna viðkomandi félagi fram komna skýrslu og gefa því færi á að koma að athugasemdum í málinu áður en aganefnd tekur málið aftur fyrir á fundi sínum.
7. Guðmundur Rúnar Guðmundsson starfsmaður Fjölnis hlaut skýrslu vegna grófrar óíþróttamannslegrar hegðunar eftir leik Fram og Fjölnis í mfl. ka. þann 2.2.2020. Dómarar meta að brotið falli undir reglu 16:11 c). Niðurstaða aganefndar er að skýrsla dómara uppfylli ekki þær formkröfur sem gerðar eru til slíkra skýrslna og er málinu því vísað frá aganefnd.

Úrskurðurinn tekur gildi á hádegi fimmtudaginn 6. febrúar 2020.
Fleiri mál lágu ekki fyrir.

Úrskurðinn kváðu upp Sverrir Pálmason, Arnar Kormákur Friðriksson og Arnar Þór Sæþórsson.

Samstarfsaðilar Handknattleikssambands Íslands

